



**Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda
2014**

**Haldinn í Miðgarði í Skagafirði
29. og 30. ágúst 2014**

Sautjándi aðalfundur Landssamtaka skógareigenda haldinn að Miðgarði í Skagafirði, dagana 29. og 30. ágúst 2014.

Dagskrá fundarins:

Föstudagur 29. ágúst

- Kl. 16:30 Aðalfundur LSE settur.
Kl. 16:45 Kosnir starfsmenn fundarins.
Kl. 16:45 Skýrsla stjórnar.
Kl. 17:15 Ávörp gesta.
Kl. 17:45 Umræða um skýrslu stjórnar.
Kl. 18:10 Mál lögð fyrir fundinn.
Kl. 18:30 Skipað í nefndir fundarins og málum vísað til nefnda.
Kl. 19:00 Fundi frestað – kvöldmatur

Kl. 20:00 til 22:00 Nefndarstörf

Kl. 20:00 Ársfundur jólatrjáaráæktenda

- Kl. 20:00 Jólatrjáaráæktun á ökrum – staðan 2014. *Else Möller*
Kl. 20:20 Getur lífræn áburðargjöf við gróðursetningu bætt lifun og vöxt skógarpl. *Else Möller*
Kl. 20:40 Kynning á jólatrjáaráæktun á akri í Prestbakkakoti. *Sólveig Pálsdóttir*
Kl. 20:40 Umræður

Laugardagur 30. ágúst

- Kl. 8:00 Morgunverður.
Kl. 9:00 Framhald nefndarstarfa.
Kl. 10:00 Framhald aðalfundar – nefndir skila álitum.
Kl. 12:00 Kosningar:
➤ Formannskjör
➤ Fjórir menn í stjórn
➤ Fimm varamenn í stjórn
➤ Tveir skoðunarmenn og tveir til vara

- Kl. 12:30 Önnur mál.
Kl. 13:00 Fundarlok.
Kl. 13:00 Hádegisverður.
Kl. 14:00 Ferð í skóg.
Kl. 17:00 Komið að Varmahlíð.
Kl. 19:00 Fordrykkur.

Kl. 19:30 Árshátíð skógarbænda.

1 Setning aðalfundar.

Formaður FSN, Páll Ingvarsson, setti fundinn, bauð gesti velkomna. Hann nefndi skagfirski og eyfirski styrktaraðila fundarins og þakkaði þeim stuðning við skógarbændur. Páll gaf svo orðið til Jóhanns Gísla Jóhannssonar formanns LSE.

Minning Sigurðar Blöndal

Sigurður Blöndal, skógtæknifræðingur og fyrrverandi skógræktarstjóri, lést á Egilsstöðum 26. ágúst sl. Jóhann Gísli bað fundargesti að minnast Sigurðar með því að rísa úr sætum.

2 Kosning starfsmanna fundarins.

Starfsmenn fundarins skipaðir;

Rögnavaldur Ólafsson fundarstjóri og Sigríður Bjarnadóttir til aðstoðar, Bergþóra Jónsdóttir fundarritari og henni til aðstoðar Helga Bergsdóttir.

Fundarstjóri bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

3 Skýrsla stjórnar, framkvæmdastjóra og kolefnisnefndar

Jóhann Gísli Jóhannsson formaður LSE flutti fundinum kveðjur Jóhanns Þórhallssonar formanns á Austurlandi. Eldgosið í Holuhrauni veldur bændum á Austurlandi áhyggjum og ákváðu þeir vegna þess að flýta leitum. Jóhann formaður ásamt fleiri skógarbændum á Austurlandi komust því ekki á fundinn.

Jóhann Gísli Jóhannsson flutti síðan skýrslu stjórnar þar sem hann fór yfir starf samtakanna síðasta starfsár. Skýrsla formanns fylgir fundargerð.

Hrönn Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri LSE, bætti við skýrslu stjórnar:

Hrönn flutti kveðju frá Sigurði Inga Jóhannessyni, umhverfis- og auðlindaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ráðuneytum hans, sem ekki komust til fundarins. Hrönn flutti þau skilaboð hans að erindi LSE um samstarfssamning milli samtakanna og ríkisvaldsins verði unnið frekar og afgreitt á næsta ári.

Hrönn sagði Jóhann Gísli hafa staðið við kosningaloforð sitt um að mæta á aðalfundi félaga skógarbænda. Formaður mætti á alla aðalfund félaganna nema hjá Félagi skógarbænda á Vestfjörðum en hann komst ekki sökum anna.

Hrönn segir verkefni haustsins vera að LSE fái fasta staðsetningu í ráðuneyti. Það sé óþolandi að LSE lendi alltaf á milli ráðuneyta. Minnti hún okkur á blaðið „Við skógarbændur“ sem er metnaðarfullt og gott blað og hvatti skógarbændur að dreifa því sem víðast. Í blaðinu eru margar fróðlegar greinar og góð og jákvæð kynning á skógrækt í landinu.

Hrönn Guðmundsdóttir flutti síðan ársskýrsla framkvæmdastjóra Landssamtaka skógaræigenda 2013. Skýrsla framkvæmdastjóra fylgir fundargerð.

Björn Ármann Ólafsson, formaður kolefnisnefndar, fjallaði um skýrslu kolefnisnefndar. Hann vitnaði m.a. í fund með Huga Ólafssyni þar sem hann talaði um skuldbindingar Íslands á alþjóðavettvangi. „Íslendingar hafa skuldbundið sig til þess skv. Kyoto að stórefla skógrækt og fáum við meiri peninga út á það.“ Björn minnst á markaði kolefnisbindingar í ræðu sinni og segir að talað sé um að 3 tegundir markaða hafi áhrif á innri markað með kolefnisbindingu. Hann segir ráðuneytið vilji meina að hagsmunir skógarbænda og ríkisins fari saman í sambandi við eignarhald á kolefnisbindingu.

4 Nefndir

Fundarstjóri tilkynnti að kjörbréfanefnd taki til starfa eftir fundinn og skili af sér í fyrramálið.

5 Ávörp gesta

Pröstur Eysteinnsson, sviðsstjóri hjá skógrækt ríkisins, kvaddi sér hljóðs og minntist Sigurðar Blöndal og sagði frá samskiptum þeirra í skógræktinni. Hann vitnaði m.a. í skrif Sigurðar og umræður þeirra um tjávöxt og hæð trjáa og sagði stefna í að hæstu tré á Íslandi verði á árunum 2025-2030 orðin 30m há. Pröstur talaði um hve skógarnir stækki og trén hækki og að oft sé vandkvæðum bundið að koma efni út úr skógum landsins þar sem flutningsvagnar séu svo litlir. „Skógarnir vaxa hraðar og eru stærri en við höldum.“ Pröstur sagði að markaðsmál, úrvinnslumál, útdráttur og flutningur til kaupenda sé það sem við höfum verið að læra undanfarið og þar munum við auka við reynslu okkar. Hann nefndi að ákveðins misskilnings hafi gætt á ráðstefnunni fyrr í dag þ.e. að not timburs sé fjölbreytt og brennsla sé ekki óæðri notkun en hvað annað. Hann sagði ekki öll tré verðmæt og allt í lagi sé að eitthvað af efninu liggi í skóginum. Pröstur fjallaði um heilbrigði skóganna s.s. sveppafár og ryð og nefndi að á Íslandi væri búið að festa kaup á skógarhöggsvél.

Í lokin bar Pröstur fundinum kveðju frá skógræktarstjóra Jóni Loftssyni og sagði Jón og sig óska þess að fundarmenn eigi góðan fund.

Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður á Mógilsá, þakkaði fundarboðið og flutti kveðju samstafsmanna sinna sem oft eru í meiri samvinnu við skógarbændur en hann. „Sameinaðir stöndum við og sundraðir föllum við“ vitnaði Aðalsteinn þar í Guðríði Helgadóttur, fyrr í dag, sem hafi þá draumsýn að skógrækt verði efld og þá þurfum við ekki bara fjárhagslegan stuðning heldur líka móralskan. Hann sagði skógrækt hljóta jákvæð viðhorf í nýlegri þingsályktun sem atvinnugrein og sem styrking byggða. Aðalsteinn taldi okkur geta verið jákvæð og hjartsýn hvar sem við erum í kerfi skógræktar landsmanna.

Björgvin Eggertsson, verkefnastjóri Landbúnaðarháskóla Íslands, lýsti ánægju sinn með að fá að vera á þessum fundi. Hann ræðir um menntun og að þekkingarstigið aukist í skógræktinni og nefndi sérstaklega verkefnið „Kraftmeiri skóga“ sem héldu sinn lokfund í dag.

Hann bar fundinum kveðju rektors, Björns Þorsteinssonar, sem fagnar verkefninu „Kraftmeiri skógar.“ Björgvin bar einnig kveðjur starfsmanna LBHÍ og vitnaði í lokin í vísu sem Davíð Herbertsson „skaut“ á Gurrý, Guðríði Helgadóttur, fyrr í dag. En ráðstefnan í dag hófst á því að 5 konur töluðu hver eftir aðra.

Og Davíð kvað:

*Eins og góður gróðrarskúr
græðir samkvæmt vonum.
Fróðleikurinn flæddi úr
föngulegum konum.*

Björgvin svaraði Davíð og kvað:

*Í skógi bónda líður best
bardúsar við trén.
Af fróðum konum fær þó mest
fjöring í hnén.*

Björgvin skaut svo annarri vísu á Davíð frá Gurrý:

***Skógarbóndinn skyldu rækir
skundar fund á glaður.
Fræðslustund hjá frúnum sækir
fer svo upptendraður.***

Í lok máls síns vitnaði Björgvin í Sigvalda heitinn Ásgeirsson og sagði „Sigvaldi talaði stundum um að nauðsynlegt væri að skilja eftir óplöntuð svæði hér og þar í skóginum, svokölluð ástarrjóður. Þetta þótti mönnum ávallt skondið á sínum tíma. En í dag væru þessi ástarrjóður farin að verða notuð meira og meira ef snúið er út úr orðum Þrastar sem sagði að mikið sveppafár hafi herjað á birkiskógana þetta sumarið og að aldrei hefur ryðið meira í íslenskum skógum en þetta sumarið.“

Þórhallur Bjarnason, formaður Bændasamtaka Íslands, flutti fundinum kveðjur frá Bændasamtökum Íslands. Hann fjallaði um fjölbreytt verkefni sem koma fyrir aðalfund bændasamtakanna, Búnaðarþing, s.s. málefni búgreinafélaga og hagsmunafélaga eins og LSE. Hann segir yfirvofandi að Bændasamtökin verði frjáls samtök sem þurfi að innheimta sín árgjöld sjálf, þ.e. verði ekki á fjárlögum. Samtökin verði fljótlega komin með sínar samþykktir sem frjálst félag. „Það þyki ekki góð stjórnslásla að hagsmunafélag sé að úthluta fé s.s. beingreiðslum, það mun flytjast til opinberra stofnanna.“ Þórhallur telur Bændasamtökin geta gert marga fyrir skógarbændur. Nefndi hann í því sambandi loftslagsmál og mikilvægi þess að standa vörð um framleiðslu í landbúnaði, mikilvægi menntunar og rekstrarstöðu Landbúnaðarháskóla Íslands sem sé bændastétt mikilvægur.

6 Reikningar félagsins

María E. Ingvadóttir gerði grein fyrir endurskoðuðum reikningum samtakanna árið 2013.

Niðurstöður rekstrarreiknings;

Rekstrartekjur 5.126.815

Rekstrargjöld 11.239.588

Rekstrartap 6.112.773

Niðurstöður efnahagsreiknings;

Eignir 3.378.314

Eigið fé 2.030.224

Eigið fé og skuldir 3.378.314

Reikningar félagsins og skýrsla stjórnar tekin til umræðu.

Hrönn skýrir 4,8 milljón kr. greiðslur frá Kraftmeiri skógum.

Fundarstjóri tilkynnti að reikningum verði vísað til fjárhagsnefndar og teknir til afgreiðslu á morgun.

7 Mál lögð fyrir fundinn

Fundarstjóri lýsti eftir málum fyrir fundinn bauð aðilum tillagna að gera nánari grein fyrir þeim.

Jóhann Gísli Jóhannsson formaður LSE ber upp tillögur stjórnar um lagabreytingar sem sendar voru út til félaga með tilskildum fyrirvara.

Tillaga nr. 1 – frá stjórn LSE

Lög LSE – Landssamtaka skógareigenda

1. gr.

Félagið heitir Landssamtök skógareigenda, skammstafað LSE. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns hverju sinni.

Merki (logo) félagsins er þrír grænir fletir á hvítum grunni, sem merkir samfellu skóga. Nafn samtaka er undir í svörtu letri. Litirnir í merkinu eru pantone 343,356,368.

2. gr.

Félagið er landssamtök félaga skógarbænda. Skógarbóndi telst hver sá sem uppfyllir skilyrði 3. greinar samþykktu Bændasamtaka Íslands¹ og í atvinnuskyni stundar skógrækt til einhverra nota, s.s. fjölbreytt skógariðnaðar, ferðapjónustu, útivistar eða landgræðslu.

3. gr.

Tilgangur samtakanna er:

1. Að sameina alla skógarbændur landsins í ein búgreinasamtök.
2. Að bæta aðstöðu skógræktar sem atvinnugreinar í sem víðustum skilningi, bændastéttinni til hagsbóta.
3. Að vera samtök og málsvari þeirra sem stunda skógrækt á bújörðum.
4. Að annast samskipti og samningagerð fyrir hönd félagsmanna við opinbera aðila eða aðra þá sem þeir óska. Einnig við hliðstæð samtök erlendis.
5. Að hvetja til rannsókna og fræðslu atvinnugreininni til hagsbóta.
6. Að leita leiða til að koma afurðum skógarins í verð.

4. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og skal haldinn fyrir 1. nóvember ár hvert. Aðalfundur skal boðað fyrir 10 júní ár hvert til stjórna aðildarfélaganna. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað með minnst 14 daga fyrirvara. Stjórn samtakanna getur boðað til aukafundar þegar hún telur ástæðu til og aukafundur skal halda ef þriðjungur félagsmanna æskir þess. Aðalfundur sitja með fullum réttindum allir félagsmenn sem hafa greitt félagsgjald til LSE sem ákveðið er á aðalfundi.

-
1. **3. grein** Aðild að Bændasamtökum Íslands geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota enda séu þeir aðilar að þeim félögum og félagasamtökum sem talin eru í 2. grein. Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra. Bændum, sem hætt hafa búskap vegna aldurs eða heilsubreysts, skal heimil áframhaldandi þátttaka í viðkomandi félagi með fullum félagsréttindum, hafi þeir áfram búsetu á hlutaðeigandi félagssvæði. Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi, fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta.

Lögaðilar svo sem einkahlutafélög, félagsbú eða sameignarfélög geta einnig talist Félagar að LSE samkvæmt þessari grein.

Á aðalfundi skal stjórn leggja fram til umræðu og samþykktar:

1. Skýrslu um störf samtakanna á sl. ári.
2. Endurskoðaða reikninga fyrir sl. almanaksár.
3. Fjárhagsáætlun og tillögur um starfsemi samtakanna á næsta ári.

5. gr.

Stjórn LSE skipa fimm menn einn frá hverju félagssvæði kosnir á aðalfundi leynilegri kosningu og skulu allir félagsmenn vera í kjöri. Eigi skal sami maður sitja í stjórn nema átta ár samfellt. Fyrst skal kosinn formaður í beinni kosningu. Fáir enginn meira en helming greiddra atkvæða skal kosið aftur bundinni kosningu milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Ef jafnt verður að nýju skal hlutkesti varpað.

Síðan skal kjósa fjóra meðstjórnendur. Náist ekki niðurstaða um hverjir séu rétt kjörnir stjórnarmenn í einni umferð kosninga, skal kosið aftur bundinni kosningu milli þeirra sem jafnir eru. Sé jafnt að nýju skal hlutkesti varpað. Síðast fimm til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum varaformanns, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda svo fljótt sem kostur er.

Tveir skoðunarmenn og tveir til vara skulu kosnir til eins árs.

Heimilt er að skipa uppstillinganefnd vegna kosninga á aðalfundi, enda hafi fundarstjórum borist tillaga um slíkt í upphafi fundar. Uppstillinganefnd skal skipuð þremur aðalfundarfulltrúum og skal hún skila inn tillögum um jafn marga einstaklinga og kjósa skal, að öðrum kosti telst tillagan ekki gild.

Stjórn samtakanna fer með málefni samtakanna á milli aðalfunda. Stjórnin heldur skrá yfir féлага og skal hún liggja frammi á aðalfundi.

Hún má ekki skuldbinda samtökin fjárhagslega umfram það sem fram kemur í samþykktum aðalfundar. Formaður skal sjálfkjörinn sem fulltrúi á búnaðarþing.

6.gr.

Stjórn Landssamtaka skógareigenda getur veitt viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu skógareigenda. Viðurkenningarnar skulu byggðar á reglugerð sem stjórnin semur og er samþykkt af aðalfundi LSE.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi með samþykkt stofnfundar samtakanna. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn samtakanna eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund og skulu þær sendar út með fundarboði. Til að breyta lögum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi².

8. gr

Verði landssamtökin lögð niður taka Bændasamtök Íslands eignir þeirra til varðveislu á verðtryggðum reikningi uns önnur hliðstæð samtök hafa verið stofnuð og gera kröfu í eignir þeirra fyrri.“

² Stofnfundur LSE var haldinn 28. júní 1997 á Hallormsstað.
Lögum LSE var breytt á aðalfundi samtakanna 2008 og 2013

Reglugerð um heiðursviðurkenningar LSE

1. grein

Stjórn LSE getur kosið heiðursfélaga. Heiðursfélögum skal við háttíðlega athöfn afhent skrautritað heiðursfélagaskjal LSE áritað af stjórn, sem er æðsta viðurkenning samtakanna. Heiðursfélaga skal aðeins tilnefna þá sem hafa unnið áralangt heillaríkt starf fyrir skógareigendur og gegnt veigamiklu ábyrgðarhlutverki fyrir landssamtökin. Þessa sæmd má einnig sýna merkmum brautryðjendum skógareigenda. Tilnefndur heiðursfélagi skal hafa hlotið gullmerki LSE.

2. grein

Gullmerki LSE er næstæðsta sæmdarviðurkenning LSE. Viðtakandi verður að hafa unnið í mörg ár árangursríkt starf fyrir skógareigendur t.d. verið a.m.k. 6 ár í stjórn LSE eða einstaklingi sem starfað hefur a.m.k. í aldarfjórðung til heilla fyrir skógareigendur. Veita skal þessa viðurkenningu við sérstök tækifæri t.d. afmæli einstaklings eða skógarbændafélags, Stjórn LSE veitir gullmerki LSE.

3. grein

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar hún hefur verið samþykkt á ársfundi LSE.

Tillaga nr. 2 - frá stjórn LSE

Aðalfundur LSE haldinn að Miðgarði í Skagafirði 29.-30. ágúst 2014 mælist til þess að aðildarfélög LSE samræmi lög sín, eins og hægt er, og aðlagi að lögum LSE.

Greinargerð

Öllum aðildarfélögum LSE ber að starfa eftir lögum LSE og þurfa að gæta þess að aðlaga sín lög að lögum LSE, ef þörf er á. Einnig er brýnt að lög aðildarfélaganna séu samræmd svo allir félagsmenn LSE sitji við sama borð og starfi eftir sama lagaramma.

Vísad til laganefndar

Tillaga nr. 3 - frá stjórn LSE

Stjórn LSE leggur til að árgjald til LSE 2015 verði 2.000 kr. á hvern félagsmann. Framkvæmdastjóri sendir reikning fyrir félagsgjöldum til stjórnar aðildarfélaganna í byrjun árs og eindagi reikningsins verður 1. júní ár hvert.

Greinargerð

Miðað við núverandi fyrirkomulag á innheimtu árgjalda, þar sem hver skógarjörð greiðir eitt gjald, má færa rök fyrir því að hver skógarjörð hafi aðeins eitt atkvæði á aðalfundi LSE svo fulls samræmis sé gætt milli félagsmanna miðað við árgjald, óháð fjölda eignaraðila hverrar skógarjarðar. Stjórn LSE leggur til að þessu verði breytt á þann veg að árgjald til LSE verði framvegis innheimt á hvern félagsmann. Með því er ætlunin að taka af allan vafa um réttmæti félagsmanna til fundarsetu á aðalfundi LSE, með fullum réttindum.

Vísad til fjárhagsnefndar

Tillaga 4 - frá stjórn LSE

„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn að Miðgarði í Skagafirði 29. og 30. ágúst 2014 fagnar þeim ummælum umhverfis- og auðlindaráðherra að ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir aukinni skógrækt. Skorar fundurinn á ráðherra að fylgja nú þegar eftir ummælum sínum og berjast fyrir auknu fjármagni til skógræktar svo framfylgja megi lögum nr. 95 frá 2006 um landshlutaverkefni í skógrækt, þar sem segir m.a.: „Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 metra yfir sjávarmáli.“

Greinargerð

Fagna ber því ef sjá má fyrir endann á áralöngum samdrætti í framlögum ríkisins til skógræktar. Sá samdráttur sem verið hefur undanfarin ár mun í framtíðinni bitna á úrvinnsluþáttum skógræktarinnar. Skógrækt sem atvinnugrein er ung og enn í mótun. Því er mikilvægt að fjármagn sé tryggt til uppbyggingu hennar bæði sem hráefni fyrir skógariðnað en ekki síður til að byggja upp úrvinnsluþætti fyrir skógarafurðir. Minnkandi fjárveiting undanfarinna ára hefur bitnað mjög á þessum þáttum og ekki fylgt eftir þeirri metnaðarfullu framtíðarsýn sem sett er fram í lögum nr.95 frá 2006 um landshlutaverkefni í skógrækt. Skógrækt sem slík er mikilvægur þáttur í að byggja upp vistkerfi landsins ásamt því að gera landið og samfélagið sjálfbært. Með skógrækt er þannig verið að skapa mun víðtækari auðlind heldur en einungis timburnytjar. Það fjármagn sem verið er til skógræktar er fjárfesting til frambúðar í afurðum og lífsgæðum sem samfélagið allt nýtur góðs af. Vissulega er skjótfenginn gróði ekki í boði en langtímaávöxtun er trygg. Vegna þess er brýnt að opinberir aðilar standi þétt að baki skógræktinni og tryggi nægt fjármagn til uppbyggingar atvinnugreinarinnar.

Vísad til allsherjarnefndar

Tillaga nr. 5 - frá stjórn LSE

Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn að Miðgarði í Skagafirði 29-30 ágúst 2014 skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra að sjá til þess að möguleikar til skógræktar á bújörðum verði tryggðir við gerð Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Greinargerð.

Skógrækt á bújörðum er ein grein landbúnaðar. Víða er skógrækt eina varanlega jarðvegsverndin og um leið trygg aðferð við geymslu lands fyrir aðra ræktun, s.s matvælaframleiðslu, í framtíðinni. Skógrækt er afturkræf framkvæmd, sem skilar landinu mun frjósamara og betur föllnu til annarrar ræktunar eftir að skógur hefur verið felldur. Aukin skógrækt bætir meðal annars búsetuskilyrði á landinu með því að skapa ný störf.

Í kafla 3.2.4 í drögum að Landsskipulagsstefnu í valkosti A segir að stefnan styðji við landbúnað og þar með búsetuskilyrði í dreifbýli. Hún styður einnig við sveigjanleika og þanþol gagnvart umhverfisbreytingum.

Samkvæmt stefnunni segir að skógrækt skuli vera með skipulögðum hætti og unnið verði eftir skógræktaráætlunum. Skógarbændur sem rækta skóga undir merkjum landshlutaverkefnanna, vinna eftir skógræktaráætlun sem inniheldur grunnupplýsingar um náttúrufar, landslag, menningarminjar og fl. Skógræktarsvæðið er flokkað eftir þeim upplýsingum og á grundvelli þeirra upplýsinga verða til ræktunareiningar með ólíkar áherslur og markmið á mismunandi svæðum. Gerð er tillaga að framkvæmdum sem taka tillit til umhverfis samtímis því að framleiðsla og arðsemi skógarins er háværkuð.

Gæta þarf þess að rýra ekki möguleika bænda á að nýta land sitt á sem hagkvæmastan hátt í sátt við umhverfið, með því að setja þeim allt of stífar skorður um hvar og hvað megi rækta.

Vísad til allsherjarnefndar

Tillaga 6 – frá LSE

Aðalfundur Landssamtakaskógareigenda haldinn í Miðgarði í Skagafirði dagana 29-30 ágúst samþykkir að LSE gerir þá kröfu að öll landshlutaverkefni í skógrækt sinni lögboðinni skyldu sinni um að veita framlög til skjólbeltaræktunar á lögbýlum, (sbr. lög nr. 95/2006, 2 mgr., 3.gr.) og skorar á stjórnir og framkvæmdastjóra LHV, að þau samræmi aðkomu verkefnanna að þessum málaflokki, hvað varðar réttindi, þjónustu og styrkveitingar vegna skjólbeltaræktar, með það að markmiði að efla skjólbeltaræktun á landsvísu.

Greinargerð:

Eins og staðan er í dag er allnokkur munur á þjónustu og framlögum verkefnanna í skjólbeltarækt. Það þýðir í raun mismunun á réttindum landeigenda (lögbýla) eftir búsetu, sem getur ekki talist ásættanleg staða.

Þörf er á að samhæfa þetta á landsvísu, með áherslu á þrjú atriði:

1. Samræma réttindin til að rækta skjólbelti með framlögum frá LHV
2. Samræma þjónustuna sem verkefni veita í skjólbeltarækt
3. Samræma framlögin/styrkuppþæðir sem verkefni veita til skjólbeltagerðar

Markmið samræmingarinnar er að allir hafi aðgang að faglegri ráðgjöf, og sambærilegum stuðningi LHV til að koma upp skjólbeltum, og stuðla þannig að aukinni skjólbeltaræktun á landsvísu.

Aukin skjólbeltarækt er, eins og skógrækt, mikilvægur þáttur í hagkvæmari landnýtingu. Hún getur bætt aðstæður til ræktunar og annarrar starfsemi, og styður þannig jafnt við hefðbundin landbúnað, skógrækt, garðyrkju, ferðaþjónustu og ýmsa aðra starfsemi.

Með aukinni þátttöku landeigenda í sveitum landsins í skjólbeltarækt, skapast einnig breiðari samstaða um samspil hefðbundins landbúnaðar, skjólbelta og ýmis konar skógræktar, svo sem akurskóga, beitarskóga, hefðbundinna viðarframleiðsluskóga o.s.frv. Slík samstaða er mikilvæg til að ná fram skynsamlegri umræðu um nýtingu landsins, og getur vegið þungt í þeim ólgusjó hugmynda sem nú er víða haldið á lofti um strangar og oft íþyngjandi flokkanir lands í skipulagsreglum.

Vísad til allsherjarnefndar

Tillaga 7 - frá stjórn LSE

Fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2015

(Félagsgjöld miðast við 3.000kr. sem ákveðin voru á síðasta ári.)

Fjárhagsáætlun LSE fyrir starfsárið 2015	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting
Rekstrartekjur:				Áætlun	Áætlun	frá fyrra ári
Félagsgjöld	1.000.500	882.000	1.110.000	1.460.000	1.800.000	23,3%
Styrkir vegna Árs skóga	1.793.400	0	0	0		
Styrkir, Við skógareigendur	0	650.000	515.000	600.000	800.000	33,3%
Búnaðargjald	440.686	470.799	501.815	500.000	500.000	0,0%
Kraftmeiri skógar	0	5.173.509	0	5.000.000	2.000.000	-60,0%
Aðrar tekjur *1	60.000	0	0	0	500.000	100,0%
Vaxtatekjur	59.160	72.496	129.660	70.000	80.000	14,3%
Verkefnasamningur við ríkið	4.000.000	3.400.000	3.000.000	3.000.000	6.000.000	100,0%
Tekjur samtals	7.353.746	10.648.804	5.256.475	10.630.000	11.680.000	9,9%

Rekstrargjöld:

Kostnaður vegna aðalfundar	771.487	978.972	849.488	900.000	900.000	0,0%
Stjórnar- og fundarkostnaður	995.909	1.043.842	1.058.488	800.000	1.200.000	50,0%
Ráðstefnur og námskeið	21.000	29.000	1.364.379	50.000	80.000	60,0%
Sérfræðipjónusta	226.809	645.274	0	300.000	400.000	33,3%
Rekstur skrifstofu og laun *2	2.151.810	3.122.298	4.748.955	6.700.000	5.606.286	-100,0%
Kostnaður vegna Árs skóga	1.805.674	45.296	0	0		
Blaðaútgáfa	565.655	887.124	961.308	800.000	950.000	18,8%
Erlent samstarf	107.732	94.967	0	100.000		-100,0%
Heimasíða	0	535.634	448.995	0	450.000	100,0%
Kraftmeiri skógar / verkefni	0	0	1.807.975	965.000	2.000.000	107,3%
Annar kostnaður	13.795	89.133	0	0		
Vaxta- og bankakostnaður	17.925	13.223	50.365	15.000	50.000	233,3%
Gjöld alls	6.677.796	7.484.763	11.289.953	10.630.000	11.636.286	9,5%
Hagnaður ársins	675.950	3.164.041	-6.033.478	0	43.714	
Handbært fé 31.12.	4.043.485	7.549.867	1.796.352	1.796.352		

*1 geri ráð fyrir síðasta hluta styrks frá framleiðnisjóð

*2 Miðað við 80% laun

Vísad til fjárhagsnefndar

Tillaga 8 - frá kolefnisnefnd

17. aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði í Skagafirði dagana 29-30.ágúst 2014 samþykkir: Að hvetja skógarbændur að leita leiða til að finna kaupendur að kolefnisbindingu, t.d. gegnum umboðsaðila. Má til dæmis gera það með kvöð þinglesinni á viðkomandi skógræktarjörð til ákveðins aðila til að selja tiltekið magn af kolefnisbindingu á vissu tímabili.

LSE komi að málinu með því að standa að baki bændum og hugsanlegum umboðsaðila við að fá staðfest þá bindingu sem átt hefur sér stað á tiltekinni skógræktarjörð.

Vísad til kolefnisnefndar

Tillag 9 - frá Lúðvíg Lárussyni

Lúðvíg Lárússon skorar á aðalfund LSE 2014 að taka afstöðu með og krefst viðurkenningar á eignarrétti skógarbænda á kolefnisbindingu trjáa á jörðum þeirra sem hluta af stjórnarskrárbundnum rétti eigenda skv. Stjórnarskárétti eigenda og skv. Mannréttindaákvæðum Evrópuráðsins fyrstu grein.

Greinargerð:

Eignarréttur er skýlaust ákvæði á Íslandi og í Evrópurétti.

Vísad til kolefnisnefndar

Tillaga 10 - frá Birni B. Jónssyni

Aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði Skagafirði 29. og 30. ágúst 2014 skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að endurskoða hlut eyðibýla í jarða- og lögbýlisskrám og samræma þannig skráningu lögbýla í opinberum skrám.

Greinagerð

Ekki virðist vera samræmi á milli hvaða búskapur er stundaður á lögbýlum til að viðkomandi jörð geti kallast í ábúð. **Eyðibýli** kallast bújörð (tún og fasteignir) sem ekki er í ábúð og er ekki nýtt lengur til búskapar af eiganda (s.b. frjálsa alfræðiritið Vikipendia).

Samkvæmt jarðalögum frá 2004 er *eyðijörð* skilgreind sem „jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð“.

Ljóst má vera að skógrækt á jörðum kallar oft á tíðum á mikla umsetningu og ekki viðunandi að viðkomandi lögbýli falli sjálfkrafa undir orðið *eyðibýli* í jarða- og lögbýlisskrám.

Vísad til allsherjarnefndar

Tillaga 11 – frá FSA

Aðalfundur félags skógarbænda á Austurlandi haldinn á Breiðdalsvík 23.3 2014 skorar á stjórn og framkvæmdastjóra LSE að beita sér fyrir því að framkvæmdastjórar landshlutaverkefnanna og Ríkiskaup framfylgi stöðlum um plöntur sem verkefnið kaupar.“

Vísad til allsherjarnefndar

Tillaga 12 – frá FSA

Aðalfundur Félags skógarbænda á Austurlandi haldinn í Kaupfélaginu á Breiðdalsvík 23. mars 2014 skorar á ríkisstjórn Íslands að stórauka fjárveitingar til landshlutaverkefnanna í skógrækt.

Greinagerð.

Fjárveitingar til skógræktar hafa verið skornar niður um liðlega 40% að raunvirði og á það jafnt við landshlutaverkefni í skógrækt, Skógrækt ríkisins og aðra skógræktaraðila. Í 1. gr. laga um landshlutaverkefni segir: „Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf, skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli.“ 5% af landi neðan 400 m hæðar yfir sjó eru samtals 214.000 hektarar. Árið 2010 voru 576 skógarbændur með samning við landshlutaverkefni í skógrækt um 48.100 hektara lands. Þá var búið að gróðursetja í 18.400 hektara af þessu landi. Byggðamarkmið verkefnanna hafa náðst og nánast öll framleiðsla og vinna við skógræktina er í hinum dreifðu byggðum. Atvinnusköpun í landshlutaverkefnum í skógrækt fyrir árin 2001–2010 hafa verið metin og á þessu tímabili voru á ári hverju að meðaltali 81 launað ársverk auk um 50 óbeinna ársverka í nærsamfélaginu. Þar að auki skiluðu skógarbændur um 20 ársverkum í ólaunaðri sjálfböðavinnu við ræktun sína. Ljóst er að tækifæri til fjölþættrar atvinnuuppbyggingar í skógrækt eru mikil. Mikil verðmæti eru fólgin í þeirri reynslu og þekkingu sem til staðar er í landshlutaverkefnunum sem nýta mætti betur með aukinni starfsemi.

Hraða þarf endurreisn skógarauðlindar á Íslandi í þágu lands og þjóðar. Samkvæmt skógræktarstefnu sem gefin var út og kynnt í febrúarmánuði 2013, er markmiðið að tífalda þekju skóga fyrir aldamótin 2100, þannig að skógar Íslands vaxi úr núverandi 1,2% í a.m.k. 12% af flatarmáli Íslands. Í stefnunni er áhersla lögð á að auka skógrækt þar sem viðarnytjar eru meðal markmiða og að tryggja að umfang, framleiðsla og gæði skógarauðlindarinnar geti staðið undir arðbærum nýjum. Ná skuli sem mestum ávinningi af stækkandi skógarauðlind

Íslands á sjálfbæran hátt, ýta undir þróun úrvinnsluiðnaðar og samþætta skógrækt öðrum landnýtingarkostum og atvinnugreinum. Í skógræktarstefnunni er einnig fjallað um nauðsyn þess að efla rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt.

Vísað til allsherjarnefndar

Tillaga 13 - frá stjórn LSE

Aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði 29. - 30. ágúst 2014 leggur til að fjárhagsnefnd geri tillögur að launum stjórnarmanna LSE fyrir árið 2015.

Vísað til fjárhagsnefndar

Tillaga 14 – frá Maríu E. Ingvadóttur

Tillaga um breytingu á 5. gr. laga LSE

Stjórn LSE skipa fimm formenn aðildarféлага LSE. Fimm varamenn eru tilnefndir af aðildarfélagunum, einn frá hverju þeirra. Stjórnin skiptir árlega með sér verkum formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda.

Stjórn LSE fer með málefni LSE á milli aðalfunda. Stjórnin má ekki skuldbinda LSE fjárhagslega umfram það sem fram kemur í samþykktum aðalfundar.

Formaður er fulltrúi LSE á Búnaðarþingi.

Fundarstjóri vísar ekki tillögu Maríu til nefndar og vísar til 7. greinar laga LSE. En þar segir m.a. að tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn samtakanna eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund og skulu þær sendar út með fundarboði.

Tillaga 15 - frá Eddu Björnsdóttur

Aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði Skagafirði 29. og 30. ágúst 2014 skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra að ákveða undir hvaða ráðuneyti málefni LSE skulu vistuð:

Greinagerð:

Aðalfundur LSE telur alveg óviðunandi að Landssamtök skógareigenda séu ekki höfð með í ráðum þegar málefni skógareigenda eru til umræðu eða ákvarðana innan stjórnarsýslunnar. Bent skal á að nú þegar eru um 600 jarðir með skógræktarsamninga og sjá því skógareigendur um stóran hluta nýplöntunar og umhirðu skóga á Íslandi. Það er orðið mjög brýnt að finna LSE stað innan stjórnarsýslunnar.

Vísað til allsherjarnefndar

8 Skipað í málefnanefndir og málum vísað til þeirra.

Fundarstjóri les upp nefndaskipan fundarmanna. Þeir sem óska þess að starfa í annarri nefnd en þeir hafa verið skráðir í er frjálst að skipta um nefnd.

Allsherjarnefnd – Formaður; Oddný Bergsdóttir

Fjárhagsnefnd – Formaður; Hörður Harðarson

Kjörbrefanefnd – Formaður; Hraundís Guðmundsdóttir

Kolefnisnefnd – Formaður; Björn Ármann Ólafsson

Laganefnd – Formaður; Þórarinn Svavarsson

9 Fundi frestað, kvöldverðarhlé

10 Nefndarstörf

11 Framhald aðalfundar, nefndir skila álitu.

Kjörbréfanefnd – Guðmundur Sigurðsson

Farið yfir hverjir eru mættir af kjörgengnum félagsmönnum.

Samþykkt: Þeir fulltrúar sem staðfestu viðveru með handauppréttingu, borið upp til samþykktar.

Fjárhagsnefnd – Formaður; Hörður Harðarson

Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar

Fjárhagsáætlun LSE fyrir starfsárið 2015

	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting
Rekstrartekjur:				Áætlun	Áætlun	frá fyrra ári
Félagsgjöld	1.000.500	882.000	1.110.000	1.460.000	1.800.000	23,3%
Styrkir vegna Árs skóga	1.793.400	0	0	0		
Styrkir, Við skógareigendur	0	650.000	515.000	600.000	800.000	33,3%
Búnaðargjald	440.686	470.799	501.815	500.000	500.000	0,0%
Kraftmeiri skógar	0	5.173.509	0	5.000.000	2.000.000	-60,0%
Aðrar tekjur *1	60.000	0	0	0	500.000	100,0%
Vaxtatekjur	59.160	72.496	129.660	70.000	80.000	14,3%
Verkefnasamningur við ríkið	4.000.000	3.400.000	3.000.000	3.000.000	6.000.000	100,0%
Tekjur samtals	7.353.746	10.648.804	5.256.475	10.630.000	11.680.000	9,9%
Rekstrargjöld:						
Kostnaður vegna aðalfundar	771.487	978.972	849.488	900.000	900.000	0,0%
Stjórnar- og fundarkostnaður	995.909	1.043.842	1.058.488	800.000	1.200.000	50,0%
Ráðstefnur og námskeið	21.000	29.000	1.364.379	50.000	80.000	60,0%
Sérfræðiþjónusta	226.809	645.274	0	300.000	400.000	33,3%
Rekstur skrifstofu og laun *2	2.151.810	3.122.298	4.748.955	6.700.000	5.606.286	-100,0%
Kostnaður vegna Árs skóga	1.805.674	45.296	0	0		
Blaðaútgáfa	565.655	887.124	961.308	800.000	950.000	18,8%
Erlent samstarf	107.732	94.967	0	100.000		-100,0%
Heimasíða	0	535.634	448.995	0	450.000	100,0%
Kraftmeiri skógar / verkefni	0	0	1.807.975	965.000	2.000.000	107,3%
Annar kostnaður	13.795	89.133	0	0		
Vaxta- og bankakostnaður	17.925	13.223	50.365	15.000	50.000	233,3%
Gjöld alls	6.677.796	7.484.763	11.289.953	10.630.000	11.636.286	9,5%
Hagnaður ársins	675.950	3.164.041	-6.033.478	0	43.714	
Handbært fé 31.12.	4.043.485	7.549.867	1.796.352	1.796.352		

Tillögur frá fjárhagsnefnd

*1 geri ráð fyrir síðasta hluta styrks frá framleiðnisjóð

*2 Miðað við 80% laun

Samþykkt samhljóða

Kolefnisnefnd – Formaður; Björn Ármann Ólafsson

Tillaga nr. 1

17. aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði í Skagafirði dagana 29-30.ágúst 2014 samþykkir: Að hvetja skógarbændur til að leita leiða til að finna kaupendur að kolefnisbindingu, t.d. gegnum umboðsaðila um sölu heimildanna. Má til dæmis gera það með því að þinglýsa kvöð á viðkomandi skógræktarjörð til handhafa um heimild til að selja ákveðið magn af kolefnisbindingu á tilteknu tímabili.

LSE komi að málinu með því að standa að baki bændum og hugsanlegum umboðsaðilum þeirra við að fá staðfesta þá kolefnisbindingu sem átt hefur sér stað á skógræktarjörðinni á tilteknu tímabili.

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr. 2

17. aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði í Skagafirði dagana 29-30.ágúst 2014 krefst viðurkenningar stjórnvalda á eignarrétti skógarbænda á kolefnisbindingu trjáa á jörðum sínum sem stjórnarskrárbundinna réttinda samkvæmt 72.gr. stjórnarskrárinnar og mannréttindaákvæðum Evrópuráðsins fyrstu grein.

Stjórn LSE finni leið til að framfylgja þessari kröfu.

Samþykkt samhljóða

Allsherjarnefnd – Formaður; Oddný Bergsdóttir

Tillaga nr. 1 – Allsherjarnefnd leggur tillöguna fram óbreytta.

„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn að Miðgarði í Skagafirði 29. og 30. ágúst 2014 fagnar þeim ummælum umhverfis- og auðlindaráðherra að ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir aukinni skógrækt. Skorar fundurinn á ráðherra að fylgja nú þegar eftir ummælum sínum og berjast fyrir auknu fjármagni til skógræktar svo framfylgja megi lögum nr. 95 frá 2006 um landshlutaverkefni í skógrækt, þar sem segir m.a.: „Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 metra yfir sjávarmáli.“

Greinargerð

Fagna ber því ef sjá má fyrir endann á áralöngum samdrætti í framlögum ríkisins til skógræktar. Sá samdráttur sem verið hefur undanfarin ár mun í framtíðinni bitna á úrvinnsluþáttum skógræktarinnar. Skógrækt sem atvinnugrein er ung og enn í mótun. Því er mikilvægt að fjármagn sé tryggt til uppbyggingu hennar bæði sem hráefni fyrir skógariðnað en ekki síður til að byggja upp úrvinnsluþætti fyrir skógarafurðir. Minnkandi fjárveiting undanfarinna ára hefur bitnað mjög á þessum þáttum og ekki fylgt eftir þeirri metnaðarfullu framtíðarsýn sem sett er fram í lögum nr.95 frá 2006 um landshlutaverkefni í skógrækt.

Skógrækt sem slík er mikilvægur þáttur í að byggja upp vistkerfi landsins ásamt því að gera landið og samfélagið sjálfbært. Með skógrækt er þannig verið að skapa mun víðtækari auðlind heldur en einungis timburnytjar. Það fjármagn sem varið er til skógræktar er fjárfesting til frambúðar í afurðum og lífsgæðum sem samfélagið allt nýtur góðs af. Vissulega er skjótfenginn gróði ekki í boði en langtímaávöxtun er trygg. Vegna þess er brýnt að opinberir aðilar standi þétt að baki skógræktinni og tryggi nægt fjármagn til uppbyggingar atvinnugreinarinnar.

samþykkt samhljóða

Tillaga nr. 2 – Breytingartillaga allsherjarnefndar.

Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn að Miðgarði í Skagafirði 29-30 ágúst 2014 skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra að sjá til þess að möguleikar til skógræktar á bújörðum verði tryggðir í Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

Takmarkanir á skógrækt verði að byggjast á traustum og vel rökstuddum ástæðum þannig að landeigendur geti nýtt eignarlönd sín í góðri sátt við umhverfi sitt, sér og samfélaginu til framþróunar.

Greinargerð.

Skógrækt á bújörðum er ein grein landbúnaðar. Víða er skógrækt eina varanlega jarðvegsverndin og um leið trygg aðferð við geymslu lands fyrir aðra ræktun, s.s matvælaframleiðslu, í framtíðinni. Skógrækt er afturkræf framkvæmd, sem skilar landinu mun frjósamara og betur föllnu til annarrar ræktunar eftir að skógur hefur verið felldur. Aukin skógrækt bætir meðal annars búsetuskilyrði á landinu með því að skapa ný störf.

Í kafla 3.2.4 í drögum að Landsskipulagsstefnu í valkosti A segir að stefnan styðji við landbúnað og þar með búsetuskilyrði í dreifbýli. Hún styður einnig við sveigjanleika og þanþol gagnvart umhverfisbreytingum.

Samkvæmt stefnunni segir að skógrækt skuli vera með skipulögðum hætti og unnið verði eftir skógræktaráætlunum. Skógarbændur sem rækta skóga undir merkjum landshlutaverkefnanna, vinna eftir skógræktaráætlun sem inniheldur grunnupplýsingar um náttúrufar, landslag, menningarminjar og fl. Skógræktarsvæðið er flokkað eftir þeim upplýsingum og á grundvelli þeirra upplýsinga verða til ræktunareiningar með ólíkar áherslur og markmið á mismunandi svæðum. Gerð er tillaga að framkvæmdum sem taka tillit til umhverfis samtímis því að framleiðsla og arðsemi skógarins er háværkuð.

Samþykkt samhljóða

Anna Guðmundsdóttir kvaddi sér hljóðs og telur að viðbótin feli í sér að takmarkanir verði.

Sæmundur Þorvaldsson sagði vinnu vera í gangi um landsskipulagsstefnu.

Lúðvig tók til máls og ræddi um sjálfræði skógarbænda um staðsetningu skóga.

Tillaga nr. 3 – Allsherjarnefnd leggur tillöguna fram óbreytta en leggur til að setningu í greinargerð verði sleppt.

Aðalfundur Landssamtakaskógareigenda haldinn í Miðgarði í Skagafirði dagana 29-30 ágúst samþykkir að LSE gerir þá kröfu að öll landshlutaverkefni í skógrækt sinni lögboðinni skyldu sinni um að veita framlög til skjólbeltaræktunar á lögbýlum, (sbr. lög nr 95/2006 , 2 mgr., 3.gr.) og skorar á stjórnir og framkvæmdastjóra LHV, að þau samræmi aðkomu verkefnanna

að þessum málaflökki, hvað varðar réttindi, þjónustu og styrkveitingar vegna skjólbeltaræktar, með það að markmiði að efla skjólbeltaræktun á landsvísu.

Greinargerð:

Eins og staðan er í dag er allnokkur munur á þjónustu og framlögum verkefnanna í skjólbeltarækt. Það þýðir í raun mismunun á réttindum landeigenda(lögbýla) eftir búsetu, sem getur ekki talist ásættanleg staða.

Þörf er á að samhæfa þetta á landsvísu, með áherslu á þrjú atriði:

1. Samræma réttindin til að rækta skjólbelti með framlögum frá LHV
2. Samræma þjónustuna sem verkefnin veita í skjólbeltarækt
3. Samræma framlögin/styrkuppþæðir sem verkefnin veita til skjólbeltagerðar

Markmið samræmingarinnar er að allir hafi aðgang að faglegri ráðgjöf, og sambærilegum stuðningi LHV til að koma upp skjólbeltum, og stuðla þannig að aukinni skjólbeltaræktun á landsvísu.

Aukin skjólbeltarækt er, eins og skógrækt, mikilvægur þáttur í hagkvæmari landnýtingu. Hún getur bætt aðstæður til ræktunar og annarrar starfsemi, og styður þannig jafnt við hefðbundin landbúnað, skógrækt, garðyrkju, ferðaþjónustu og ýmsa aðra starfsemi.

Með aukinni þátttöku landeigenda í sveitum landsins í skjólbeltarækt, skapast einnig breiðari samstaða um samspil hefðbundins landbúnaðar, skjólbelta og ýmis konar skógræktar, svo sem akurskóga, beitarskóga, hefðbundinna viðarframleiðsluskóga o.s.frv

samþykkt samhljóða

Tillaga nr. 4 – Breytingartillaga allsherjarnefndar

Aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði Skagafirði 29. og 30. ágúst 2014 skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að endurskoða skráningu eyðibýla í jarða- og lögbýlisskrám.

Greinargerð

Ekki virðist vera samræmi á milli hvaða búskapur er stundaður á lögbýlum til að viðkomandi jörð geti kallast í ábúð. **Eyðibýli** kallast bújörð (tún og fasteignir) sem ekki er í ábúð og er ekki nýtt lengur til búskapar af eiganda (s.b. frjálsa alfræðiritið Vikipendia).

Samkvæmt jarðalögum frá 2004 er *eyðijörð* skilgreind sem „jörð sem ekki hefur verið setin í fimm ár eða lengur án tillits til þess hvort hún er lögbýli eða ekki, nema sveitarstjórn og jarðeigandi hafi samþykkt að ábúanda sé ekki skylt að búa á jörð“.

Ljóst má vera að skógrækt á jörðum kallar oft á tíðum á mikla umsetningu og ekki viðunandi að viðkomandi lögbýli falli sjálfkrafa undir orðið *eyðibýli* í jarða- og lögbýlisskrám.

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr. 5 – Breytingartillaga allsherjarnefndar

„Aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði Skagafirði 29. og 30. ágúst 2014 skorar á stjórn og framkvæmdastjóra LSE að beita sér fyrir því að framkvæmdastjórar landshlutaverkefnanna og Ríkiskaup framfylgi stöðlum um gæði og heilbrigði plantna sem verkefnin kaupa“

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr. 6 – Allsherjarnefnd leggur til að tillagan falli inn í tillögu nr. 4 frá stjórn LSE.

Aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði Skagafirði 29. og 30. ágúst 2014 skorar á ríkisstjórn Íslands að stórauка fjárveitingar til landshlutaverkefnanna í skógrækt.

Greinagerð.

Fjárveitingar til skógræktar hafa verið skornar niður um liðlega 40% að raunvirði og á það jafnt við landshlutaverkefni í skógrækt, Skógrækt ríkisins og aðra skógræktaraðila. Í 1. gr. laga um landshlutaverkefni segir: „Í því skyni að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf, skal eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til verkefna í skógrækt sem bundin eru við sérstaka landshluta. Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli.“ 5% af landi neðan 400 m hæðar yfir sjó eru samtals 214.000 hektarar. Árið 2010 voru 576 skógarbændur með samning við landshlutaverkefni í skógrækt um 48.100 hektara lands. Þá var búið að gróðursetja í 18.400 hektara af þessu landi. Byggðamarkmið verkefnanna hafa náðst og nánast öll framleiðsla og vinna við skógræktina er í hinum dreifðu byggðum. Atvinnusköpun í landshlutaverkefnum í skógrækt fyrir árin 2001–2010 hafa verið metin og á þessu tímabili voru á ári hverju að meðaltali 81 launað ársverk auk um 50 óbeinna ársverka í nærsamfélaginu. Þar að auki skiluðu skógarbændur um 20 ársverkum í ólaunaðri sjálfboðavinnu við ræktun sína. Ljóst er að tækifæri til fjölpætrrar atvinnuuppbyggingar í skógrækt eru mikil. Mikil verðmæti eru fólgin í þeirri reynslu og þekkingu sem til staðar er í landshlutaverkefnum sem nýta mætti betur með aukinni starfsemi.

Hraða þarf endurreisn skógarauðlindar á Íslandi í þágu lands og þjóðar. Samkvæmt skógræktarstefnu sem gefin var út og kynnt í febrúarmánuði 2013, er markmiðið að tífalda þekju skóga fyrir aldamótin 2100, þannig að skógar Íslands vaxi úr núverandi 1,2% í a.m.k. 12% af flatarmáli Íslands. Í stefnunni er áhersla lögð á að auka skógrækt þar sem viðarnytjar eru meðal markmiða og að tryggja að umfang, framleiðsla og gæði skógarauðlindarinnar geti staðið undir arðbærum nytjum. Ná skuli sem mestum ávinningi af stækkandi skógarauðlind Íslands á sjálfbæran hátt, ýta undir þróun úrvinnsluiðnaðar og samþætta skógrækt öðrum landnýtingarkostum og atvinnugreinum. Í skógræktarstefnunni er einnig fjallað um nauðsyn þess að efla rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Austurlandi haldinn í Kaupfélaginu á Breiðdalsvík 23. mars 2014 skorar á ríkisstjórn Íslands að stórauka fjárveitingar til landshlutaverkefnanna í skógrækt.

Samþykkt samhljóða

Tillaga 7

Aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði Skagafirði 29. og 30. ágúst 2014 skorar á umhverfis- og auðlindaráðherra að beina því til ráðuneyta sinna að hafa fullt samráð við LSE þegar ákvarðanir verða teknar um málefni skógræktar í landinu. Jafnframt beinir fundurinn því til ráðherra, að við breytingar á stjórnarráðinu verði öll málefni skógræktar vistuð í sama ráðuneyti.

Greinagerð

Aðalfundur LSE telur alveg óviðunandi að Landssamtök skógareigenda séu ekki höfð með í ráðum þegar málefni skógareigenda eru til umræðu eða ákvarðanna innan stjórnsýslunnar. Bent skal á að nú þegar eru um 600 jarðir með skógræktarsamninga og sjá því skógareigendur um stóran hluta nýplöntunar og umhirðu skóga á Íslandi. Það er orðið mjög brýnt að finna LSE stað innan stjórnsýslunnar.

Samþykkt samhljóða

Laganefnd – Formaður; Þórarinn Svavarsson

Tillaga nr. 1 - Laganefnd leggur tillöguna fram óbreytta

Aðalfundur LSE haldinn að Miðgarði í Skagafirði 29.-30. ágúst 2014 mælist til þess að aðildarfélög LSE samræmi lög sín, eins og hægt er, og aðlagi að lögum LSE.

Greinargerð

Öllum aðildarfélögum LSE ber að starfa eftir lögum LSE og þurfa að gæta þess að aðlaga sín lög að lögum LSE, ef þörf er á. Einnig er brýnt að lög aðildarfélagana séu samræmd svo allir félagsmenn LSE sitji við sama borð og starfi eftir sama lagamma.

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr. 2 – Tillögur laganefndar að lagabreytingum

„Aðalfundur Landssamtaka skógareigenda, haldinn í Miðgarði í Skagafirði 29. og 30. ágúst 2014 samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum samtakanna. „

1. gr.

Félagið heitir Landssamtök skógareigenda, skammstafað LSE. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns hverju sinni.

Merki (logo) félagsins er þrjú grænir fletir á hvítum grunni, sem merkir samfellu skóga. Nafn samtaka er undir í svörtu letri. Litirnir í merkinu eru pantone 343,356,368.

2. gr.

Félagið er landssamtök félaga skógarbænda. Skógarbóndi telst hver sá sem uppfyllir skilyrði 3. greinar samþykktu Bændasamtaka Íslands³ og í atvinnuskyni stundar skógrækt til einhverra nota, s.s. fjölbreytt skógariðnaðar, ferðaþjónustu, útivistar eða landgræðslu.

Samþykkt samhljóða

3. gr.

Tilgangur samtakanna er:

1. Að sameina alla skógarbændur landsins í ein búgreinasamtök.
2. Að bæta aðstöðu skógræktar sem atvinnugreinar í sem víðustum skilningi, bændastéttinni til hagsbóta.
3. Að vera samtök og málsvari þeirra sem stunda skógrækt á bújörðum.
4. Að annast samskipti og samningagerð fyrir hönd félagsmanna við opinbera aðila eða aðra þá sem þeir óska. Einnig við hliðstæð samtök erlendis.
5. Að hvetja til rannsókna og fræðslu atvinnugreininni til hagsbóta.
6. Að leita leiða til að koma afurðum skógarins í verð.

Samþykkt samhljóða

4. gr.

1 3. grein Aðild að Bændasamtökum Íslands geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota enda séu þeir aðilar að þeim félögum og félagasamtökum sem talin eru í 2. grein. Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda búrekstur í eigin nafni eða annarra.

Bændum, sem hætt hafa búskap vegna aldurs eða heilsubreysts, skal heimil áframhaldandi þátttaka í viðkomandi félagi með fullum félagsréttindum, hafi þeir áfram búsetu á hlutaðeigandi félagssvæði. Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylrækt. Einnig eftirfarandi starfsemi, fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna og skal haldinn fyrir 1. nóvember ár hvert. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað með tölvupósti eða öðrum sambærilegum hætti með minnst 14 daga fyrirvara.

Stjórn samtakanna getur boðað til aukafundar þegar hún telur ástæðu til og aukafundur skal halda ef þriðjungur félagsmanna æskir þess. Aðalfundur sitja með fullum réttindum allir félagsmenn sem hafa greitt félagsgjald til LSE sem ákveðið er á aðalfundi.

Lögaðilar svo sem einkahlutafélög, félagsbú eða sameignarfélög geta einnig talist félagar að LSE samkvæmt þessari grein..

Á aðalfundi skal stjórn leggja fram til umræðu og samþykktar:

1. Skýrslu um störf samtakanna á sl. ári.
2. Endurskoðaða reikninga fyrir sl. almanaksár.
3. Fjárhagsáætlun og tillögur um starfsemi samtakanna á næsta ári.

Samþykkt samhljóða

5. gr.

Stjórn LSE skipa fimm menn einn frá hverju félagssvæði kosnir á aðalfundi leynilegri kosningu og skulu allir félagsmenn vera í kjöri. Eigi skal sami maður sitja í stjórn nema átta ár samfelld.

Fyrst skal kosinn formaður í beinni kosningu. Fáir enginn meira en helming greiddra atkvæða skal kosið aftur bundinni kosningu milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Ef jafn verður að nýju skal hlutkesti varpað.

Síðan skal kjósa fjóra meðstjórnendur. Náist ekki niðurstaða um hverjir séu rétt kjörnir stjórnarmenn í einni umfer kosninga, skal kosið aftur bundinni kosningu milli þeirra sem jafnir eru. Sé jafnt að nýju skal hlutkesti varpað. Síðast skal kjósa fimm til vara/varamenn, einn frá hverju félagssvæði.

Stjórnin skiptir með sér verkum varaformanns, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda svo fljótt sem kostur er.

Tveir skoðunarmenn og tveir til vara skulu kosnir til eins árs.

Heimilt er að skipa uppstillinganefnd vegna kosninga á aðalfundi, enda hafi fundarstjórum borist tilaga um slíkt í upphafi fundar. Uppstillinganefnd skal skipuð þremur aðalfundarfulltrúum og skal hún skila inn tillögum um jafn marga einstaklinga og kjósa skal, að öðrum kosti telst tillagan ekki gild.

Stjórn samtakanna fer með málefni samtakanna á milli aðalfunda. Stjórnin heldur skrá yfir féлага og skal hún liggja frammi á aðalfundi.

Hún má ekki skuldbinda samtökin fjárhagslega umfram það sem fram kemur í samþykktum aðalfundar.

Formaður er fulltrúi samtakanna á Búnaðarþingi.

Bókun: Túlkun fundarins er að varaformaður tekur sæti formanns á Búnaðarþingi

Bókunin og grein 5 samþykkt samhljóða í heild sinni

6.gr.

Stjórn Landssamtaka skógareigenda getur veitt viðurkenningar fyrir vel unnin störf í þágu skógareigenda. Viðurkenningarnar skulu byggðar á reglugerð sem stjórnin semur og er samþykkt af aðalfundi LSE.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi með samþykkt stofnfundar samtakanna. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn samtakanna eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund og skulu þær sendar út með fundarboði. Til að breyta lögum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi⁴.

8. gr

Verði landssamtökin lögð niður taka Bændasamtök Íslands eignir þeirra til varðveislu á verðtrygðum reikningi uns önnur hliðstæð samtök hafa verið stofnuð og gera kröfu í eignir þeirra fyrri.“

Fundarstjóri ber upp lögina í heild sinni og þau eru samþykkt samhljóða.

Reglugerð um heiðursviðurkenningar LSE

1. grein

Stjórn LSE getur kosið heiðursfélaga. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent skrautritað heiðursfélagaskjal LSE áritað af stjórn, sem er æðsta viðurkenning samtakanna. Heiðursfélaga skal aðeins tilnefna þá sem hafa unnið áralangt heillaríkt starf fyrir skógareigendur og gegnt veigamiklu ábyrgðarhlutverki fyrir landssamtökin. Þessa sæmd má einnig sýna merkum brautryðjendum skógareigenda. Tilnefndur heiðursfélagi skal hafa hlotið gullmerki LSE.

2. grein

Gullmerki LSE er næstæðsta sæmdarviðurkenning LSE. Viðtakandi verður að hafa unnið í mörg ár árangursríkt starf fyrir skógareigendur t.d. verið a.m.k. 6 ár í stjórn LSE eða einstaklingi sem starfað hefur a.m.k. í aldarfjórðung til heilla fyrir skógareigendur. Veita skal þessa viðurkenningu við sérstök tækifæri t.d. afmæli einstaklings eða skógarbændafélags, Stjórn LSE veitir gullmerki LSE.

3. grein

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar hún hefur verið samþykkt á ársfundi LSE.

Fjárhagsnefnd – Formaður; Hörður Harðarson

² Stofnfundur LSE var haldinn 28. júní 1997 á Hallormsstað.
Lögum LSE var breytt á aðalfundi samtakanna 2008, 2013 og 2014

Tillaga nr. 1- Breytingartillaga fjárhagsnefndar.

Stjórn LSE leggur til að árgjald til LSE 2015 verði 2500 kr. á hvern félagsmann. Framkvæmdastjóri sendir reikning fyrir félagsgjöldum til stjórnar aðildarfélaganna í byrjun árs og eindagi reikningsins verður 1. júní ár hvert.

Greinargerð

Miðað við núverandi fyrirkomulag á innheimtu árgjalda, þar sem hver skógarjörð greiðir eitt gjald, má færa rök fyrir því að hver skógarjörð hafi aðeins eitt atkvæði á aðalfundi LSE svo fulls samræmis sé gætt milli félagsmanna miðað við árgjald, óháð fjölda eignaraðila hverrar skógarjarðar. Stjórn LSE leggur til að þessu verði breytt á þann veg að árgjald til LSE verði framvegis innheimt á hvern félagsmann. Með því er ætlunin að taka af allan vafa um réttmæti félagsmanna til fundarsetu á aðalfundi LSE, með fullum réttindum.

Brynjar Skúlason lagði fram breytingartillögu um að breytingartillagan verði tekin út.

Guðmundur Sigurðsson tók undir tillögu Brynjars.

María Ingvadóttir tók til máls og skýrði frá að á Suðurlandi sé árgjald á jörð 5.000 og af því fái LSE 3.000.

Fundarhlé

Umræðu um 1. tillögu fjárhagsnefndar haldið áfram.

Fundarstjóri leggur fram breytingartillögu frá Bergi Torfasyni að árgjald verði 3000 kr. af jörð og hver félagsmaður greiði 500 kr.

Anna Guðmundsdóttir spyr ef um hlutafélag sé að ræða, greiðir þá hver hluthafi 500 kr. ?

Freyr Erlingsson spyr „hverjir hafa atkvæðisrétt ? „

Fram kom að það væru skráðir félagsmenn sem hafi greitt árgjald.

Páll Ingvarsson kvaddi sem hljóðs og sagði að hjá FSN detti félagsmenn sjálfkrafa út ef þeir skulda félagsgjöld 3 ár í röð.

Bergur Torfason kvaddi sér hljóðs og leggur til að félagsgjald á jarðir verði 4.000 kr.

Fundarstjóri vísar málinu til fjárhagsnefndar fram yfir kosningar.

Tillaga nr. 2 - Hörður kynnir tillögu fjárhagsnefndar

Aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði 29.-30. ágúst 2014 leggur til að fjárhagsnefnd geri tillögur að launum stjórnarmanna LSE fyrir árið 2015.

Fjárhagsnefnd leggur til að stjórnarlaun fyrir starfsárið 2014-2015 verði:

- Formaður 150.000 kr.
- Aðrir stjórnarmenn 100.000 kr.

Fundarstjóri gerir athugasemdir við að starfsárið sé 2014-2015, það eigi að vera almanaksár því það er reikningsárið.

Björn tekur til máls og leggur áherslu á að rætt sé um fjárhagsárið 2015.

Edda tekur til máls. Tók undir orð Björns.

Fundarstjóri vísar tillögunni aftur til fjárhagsnefndar

Tillaga fjárhagsnefndar með breyttu ártali.
Aðalfundur LSE haldinn í Miðgarði 29.-30. ágúst 2014 leggur til að fjárhagsnefnd geri tillögur að launum stjórnarmanna LSE fyrir árið 2015.

Fjárhagsnefnd leggur til að stjórnarlaun fyrir árið 2015 verði:

- Formaður 150.000 kr.
- Aðrir stjórnarmenn 100.000 kr.

Samþykkt samhljóða

Tillaga nr. 3

Laun stjórnarmanna fyrir árið 2014 verði óbreytt eins og þau voru 2013 sem ákveðið var á aðalfundi 2012. Formaður fái 126.000 kr. gjaldkeri 95.000 kr. og aðrir stjórnarmenn 84.000 kr.

Samþykkt samhljóða

Ársreikningur 2013

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningur 2013 verði samþykktur eins og hann var kynntur á fundinum í gær.

Samþykkt samhljóða

12 Kosningar

Kosning formanns.

Fundarstjóri lýsti eftir tillögum og gaf kost á framboðsræðum.
Jóhann Gísli Jóhannsson gefur áfram kost á sér í formannssætið.

Kosningar fóru svo: Jóhann Gísli Jóhannsson hlaut 52 atkvæði og 3 aðrir hlutu samtals 8 atkvæði.

Kosning annarra aðalmanna í stjórn.

Kjósa skal 1 af hverju félagssvæði. Fundarstjóri gefur kost á framboðsræðum.

Bergþóra Jónsdóttir aðalmaður Vesturlands biðst undan kjöri.

Hraundís Guðmundsdóttir Rauðsgili Borgarfirði býður sig fram sem aðalman fyrir Vesturland.

María E. Ingvadóttir gefur kost á sér áfram fyrir Suðurland.

Anna Ragnarsdóttir gefur áfram komst á sér fyrir Norðurland.

Jóhann Björn Arngrímsson tilkynnir að Sighvatur Þórarinsson gefi áfram kost á sér fyrir Vestfirði.

Kosningar fóru svo:

Hraundís Guðmundsdóttir hlaut 56 atkvæði

Sighvatur Þórarinsson hlaut 56 atkvæði

Anna Ragnarsdóttir hlaut 52 atkvæði

María Ingvadóttir hlaut 35 atkvæð

Kosning varamanna í stjórn.

Austurland, Björn Ármann Ólafsson
Suðurland, Sigríður Hjartar.
Vesturland, Bergþóra Jónsdóttir
Vestfirðir, Jóhann Björn Arngrímsson
Norðurland, Arnþór Ólafsson

Kjör skoðunarmanna

Aðalmenn voru kjörnir Anna Björgvinsdóttir og Jóhanna H. Sigurðardóttir
Varamenn voru kjörnir Guðmundur Sigurðsson og Sigurður Jónsson.

13 Framhald aðalfundar

María Ingvadóttir kvaddi sér hljóðs og fór með vísu

Rögnvaldur ræður okkur frá
að rækta skóg í túni
puntur, snarrót og sinan grá
sýnist honum fögur þótt fúni
Í fögrum skógi er gott í skjóli
og skógur er aðalprýði á hverju byggðu bóli.

14 Nefndir skila álitum - framhald

Tillaga nr. 1- Hörður Harðarson kynnti breytingartillögu fjárhagsnefndar.
Stjórn LSE leggur til að árgjald til LSE 2015 verði 3000 kr. á hverja jörð og 1.000 á hvern félagsmann. Framkvæmdastjóri sendir reikning fyrir félagsgjöldum til stjórnar aðildarfélaganna í byrjun árs og eindagi reikningsins verður 1. júní ár hvert.

Greinargerð

Miðað við núverandi fyrirkomulag á innheimtu árgjalda, þar sem hver skógarjörð greiðir eitt gjald, má færa rök fyrir því að hver skógarjörð hafi aðeins eitt atkvæði á aðalfundi LSE svo fulls samræmis sé gætt milli félagsmanna miðað við árgjald, óháð fjölda eignaraðila hverrar skógarjarðar. Stjórn LSE leggur til að þessu verði breytt á þann veg að árgjald til LSE verði framvegis innheimt á hvern félagsmann. Með því er ætlunin að taka af allan vafa um réttmæti félagsmanna til fundarsetu á aðalfundi LSE, með fullum réttindum.

Samþykkt samhljóða

Hörður Harðarson skýrir breytingartillögu laganefndar að fjárhagsáætlun 2015

Fjárhagsáætlun LSE fyrir starfsárið 2015

	2011	2012	2013	2014	2015	Breyting
Rekstrartekjur:				Áætlun	Áætlun	frá fyrra ári
Félagsgjöld	1.000.500	882.000	1.110.000	1.460.000	2.500.000	23,3%
Styrkir vegna Árs skóga	1.793.400	0	0	0		
Styrkir, Við skógareigendur	0	650.000	515.000	600.000	800.000	33,3%
Búnaðargjald	440.686	470.799	501.815	500.000	550.000	0,0%
Kraftmeiri skógar	0	5.173.509	0	5.000.000	2.000.000	-60,0%
Aðrar tekjur *1	60.000	0	0	0	500.000	100,0%
Vaxtatekjur	59.160	72.496	129.660	70.000	80.000	14,3%

Verkefnasamningur við ríkið	4.000.000	3.400.000	3.000.000	3.000.000	6.000.000	100,0%
Tekjur samtals	7.353.746	10.648.804	5.256.475	10.630.000	12.430.000	9,9%
Rekstrargjöld:						
Kostnaður vegna aðalfundar						
Stjórnar- og fundarkostnaður	771.487	978.972	849.488	900.000	800.000	0,0%
Ráðstefnur og námskeið	995.909	1.043.842	1.058.488	800.000	1.300.000	50,0%
Sérfræðipjónusta	21.000	29.000	1.364.379	50.000	80.000	60,0%
Rekstur skrifst og laun *2	226.809	645.274	0	300.000	400.000	33,3%
Kostnaður vegna Árs skóga	2.151.810	3.122.298	4.748.955	6.700.000	5.606.286	-100,0%
Blaðaútgáfa	1.805.674	45.296	0	0		
Erlent samstarf	565.655	887.124	961.308	800.000	950.000	18,8%
Heimasíða	107.732	94.967	0	100.000		-100,0%
Kraftmeiri skógar / verkefni	0	535.634	448.995	0	300.000	100,0%
Annar kostnaður	0	0	1.807.975	965.000	2.000.000	107,3%
Vaxta- og bankakostnaður	13.795	89.133	0	0		
Gjöld alls	17.925	13.223	50.365	15.000	30.000	233,3%
Hagnaður ársins	6.677.796	7.484.763	11.289.953	10.630.000	11.466.286	9,5%
Handbært fé 31.12.	675.950	3.164.041	-6.033.478	0	963.714	
	4.043.485	7.549.867	1.796.352	1.796.352		

*1 geri ráð fyrir síðasta hluta styrks frá framleiðnisjóð

*2 Miðað við 80% laun

Samþykkt samhljóða

Fundarstjóri ber upp tillögu að fundarstjóri og ritarar fái að ganga frá fundargerð sem síðan verður sett inn á netið.

Samþykkt samhljóða

15 Önnur mál

Anna Guðmundsdóttir, fulltrúi ritnefndar „Við skógareigendur“ kynnti málefni er varða efni blaðsins og tilgang þess. Það hafi komið fyrir að greinar sem birtast eigi í blaðinu hafi birst í öðrum blöðum áður en Við skógareigendur komi út. Gæta þess að semja við greinahöfunda að birta ekki greinar sínar annarsstaðar fyrr en okkar blað er komið út.

16 Aðalfundi slitið

Jóhann Gísli Jóhannsson formaður LSE slítur fundi og þakkar kosningu, bíður Hraundísi velkomna í stjórn og þakkar starfsmönnum fundarins.

Bergþóra Jónsdóttir
(sign)

Helga Bergsdóttir
(sign)

